

Úrskurðir óbyggðanefndar í þjóðlendumálum á eyjum og skerjum umhverfis landið og lok þjóðlendumála

Óbyggðanefnd kvað 22. desember 2025 upp úrskurði í þjóðlendumálum á eyjum og skerjum umhverfis landið, á svonefndu svæði 12 við málsmeðferð nefndarinnar.

Um er að ræða síðustu úrskurði nefndarinnar. Nú að lokinni málsmeðferð vegna eyja og skerja hefur óbyggðanefnd fjallað um mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu. Þar með hefur nefndin lokið hlutverki sínu samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998. Óbyggðanefnd var komið á fót við gildistöku laganna árið 1998 í þeim tilgangi að rannsakað yrði hvaða svæði á landinu væru eigendalaus, þ.e. utan eignarlanda, og þau yrðu úrskurðuð þjóðlendur. Þar sem því verkefni er nú lokið á landinu öllu verður óbyggðanefnd lögð niður 1. janúar 2026, en þá taka gildi breytingar á þjóðlendulögum þess efnis.

Upphaflegar kröfur fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkisins, um þjóðlendur á eyjum og skerjum tóku til flestra eyja og skerja utan meginlands Íslands. Meðan á málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd stóð féll ríkið hins vegar frá kröfum til mikils meirihluta eyja og skerja við landið. Umfjöllun óbyggðanefndar um eyjar og sker varðaði aðeins eyjar og sker sem endanleg kröfugerð ríkisins tók til. Á móti bárust alls 228 kröfulýsingar landeigenda en eftir fyrrgreindar breytingar á kröfugerð ríkisins voru samtals 9 gagnkröfur til úrlausnar fyrir nefndinni, sem og eyjar og sker sem enginn gerði gagnkröfu til. Fjallað var um ágreiningssvæðin í tveimur málum: nr. 1/2025, eyjar og sker sunnan og austan lands, og nr. 2/2025, eyjar og sker norðan og vestan lands.

Helstu niðurstöður eru sem hér segir:

- Allar eyjar og sker sem eru innan við 2 km frá meginlandi Íslands og heimaeyjum eyjajarða eru eignarlönd, ýmist óumdeild eignarlönd sem endanlegar kröfur ríkisins tóku ekki til eða eignarlönd samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar.
- Eyjar og sker sem eru lengra frá meginlandi Íslands eða heimaeyjum eyjajarða en 2 km eru ýmist eignarlönd eða þjóðlendur:
 - Þjóðlendur samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eru m.a. Eldey, Eldeyjardrangur, Geirfuglasker og Geirfugladrangur við Reykjanes; Surtsey í Vestmannaeyjum; Tvísker í Örafum; Hvalbakur; Kolbeinsey, Hrólfsker í Eyjafirði, Kvíslarsker norðan við Drangey í Skagafirði; rif og boðar í grennd við Þorkelssker við Bjarnarnes á Ströndum; og ónefnt sker sunnan við Bótarsker við Mýrar. Einnig Hafbygggi á Breiðafirði; Kópaflogur og Oddbjarnarsker í Eyrarsveit; Grunnasker og Djúpasker í Búðavík á Snæfellsnesi; Breiðasker í Staðarsveit á Snæfellsnesi; Innri- og Ytri-Flesjur í Melasveit; og ónefnd sker á nokkrum stöðum sem gerð er grein fyrir í úrskurðunum.
 - Eignarlönd samkvæmt úrskurði óbyggðanefnd eru allar eyjar og sker í Vestmannaeyjum, utan Surtseyjar, Drangey í Skagafirði ásamt dranganum Kerlingu; sker við Flatey og Bjarneyjar á Breiðafirði; skerin Nyttur við Mýrar; og Jörundarboði við Álftanes.

- Meðal óumdeilda eignarlanda, þ.e. eyja og skerja sem kröfur ríkisins tóku ekki til og komu því ekki til kasta óbyggðanefndar í málinu, eru m.a. Hrollaugseyjar; Vigur í Lónsvík; Papey; Skrúður; Seley; Mánáreyjar við Tjörnes; Lundey á Skjálfanda; Flatey á Skjálfanda; Grímsey; Hrísey; Málmey í Skagafirði; Borgarey í Ísafjarðardjúpi; flestar eyjar á Breiðafirði; Melrakkaey í Grundarfirði; og Hvalseyjar á Mýrum, auk talsverðs fjölda minni eyja og skerja, og í öllum tilvikum ásamt tilheyrandi skerjum.

Úrskurðina í heild ásamt kortum er að finna á vefsíðu nefndarinnar, undir *Úrskurðir og dómar*.

Málskot til dómstóla

Sá málsaðili sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í, sbr. 1. mgr. 19. gr. þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Er þá unnt að leggja til úrlausnar dómstóla hverja þá kröfu sem gerð hefur verið fyrir nefndinni.

Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu óbyggðanefndar:

- postur@obyggdanefnd.is